

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Alur Álvinnsla (áður Kratus ehf.) Hvalfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	8.12.2020	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Alur Álvinnsla (áður Kratus ehf.)	<b>Eftirlitsmaður</b>	Steinunn Karlsdóttir
<b>Heimili</b>	Klafastaðavegi 4	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	4307002270	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Brynja Silness	<b>ÍSAT nr.</b>	3832
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ásgerður Ósk	<b>Staðsetning</b>	64,355088 -21,788370

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundna eftirlit ársins í Al endurvinnslu.

Staðfest var að unnið er að úrbótum fráviks er varðar uppsafnaðar birgðir af saltköku og er áætlað að þeim ljúki á árinu 2020.

Áætlað er að klára frágang á lóð þegar gámastæða með saltköku hefur verið fjarlægð.

Unnið er að uppsetningu búnaðar fyrir íblöndunarefni til að minnka losun á vetnisflúoríði í útblæstri.

Eitt nýtt frávik kom frá kröfum starfsleyfis varðandi mælingar á díoxíni og fúrani í síuryki. Tveimur ábendingum var komið á framfæri um að niðurstöður úr útblástursmælingum liggja ekki fyrir og vegna kvörtunar um rykmengun við flutning og útskipun saltköku.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór annars vegar fram á rafrænum gagnafundi og með skoðunarferð um svæðið sama dag.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti  
Frágangur á lóð  
Útflutningur og geymsla saltköku  
Búnaður fyrir íblöndunarefni til að lágmarka losun á vetnisflúoríði í útblæstri
- Skráningar skv. gr. 3.2 í starfsleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.

Frágangur á lóð: Lóðin hefur verið girt af og malbikuð fyrir framan verksmiðjuhús en frekari framkvæmdir við malbikun og afmörkun lóðar eru áætlaðar þegar gámastæða hefur fjarlægð.

Útflutningur á saltköku: Um 3000 tonn voru flutt til endurvinnslu í vikunni fyrir eftirlitsheimsókn (5. desember). Um 1180 tonn af saltköku úr geymslu að Vogatungu sem var tæmd og um 1820 tonn úr vinnsluhúsinu að Grundartanga. Áætlað er að um 7-800 tonn er núna í vinnsluhúsinu. Útflutningsleyfi hefur verið veitt fyrir útflutningi allt að 6000 tonnum af saltköku í tveimur áföngum til endurvinnslu í Bremen í Þýskalandi. Næsti útflutningur er áætlaður í apríl - maí nk. Áætlað er að í næstu tveimur ferðum takist að klára að flytja út þá saltköku sem geymd er í gámastæðu utan við vinnsluhúsið að Grundartanga. Samþykktur frestur til úrbóta var gefinn til ársloka til að ljúka frágangi og þarf því að leggja fram uppfærða tímasetta úrbótaáætlun vegna útstandandi fráviks.

Síuryk sem safnast úr hreinsivirki ofns er sett aftur inn á bræðsluofnana þar sem að það binst að hluta til við saltkökuna. Þá var rætt um rekstur hreinsivirkis fyrir útblástur og eftirlit og viðhald með síupokum í virkinu. Strangari skilyrði hafa verið sett um móttöku hráefna, finefni í álgjalli eru að hluta til endurunnin í álverunum eða pressuð við álgjallið, en það dregur úr rykmýndun í útblæstri hjá Al. Einnig hafa verið sett strangari skilyrði fyrir magn og stærð álflaka. Ef eitthvað óeðlilegt kemur fram í útblæstri eða endurheimt áls er það tilkynnt til viðkomandi álvers og skráð. Ef gámur uppfyllir ekki móttökuskilyrði þá er númer gámsins og skráð, mynd tekin og gámurinn sendur til baka til viðkomandi álvers.

Vetnisflúoríð hefur verið yfir starfsleyfismörkum í útblæstri en unnið er að uppsetningu búnaðar til að blása sorbicalí inn á hreinsivirkið til að binda vetnisflúoríðið. Útblástursmælingar voru framkvæmdar í nóvember sl. en niðurstöður úr þeim liggja ekki fyrir. Í starfsleyfi er gerð krafa um árlegar mælingar á PCDD/PCDF síuryki en síðasta mæling fór fram í desember 2019.

Vel er haldið utan um skráningar í möppum á stjórnsstöð. Eftirlitsúttekt er gerð á hreinsibúnaði síðasta föstudag hvers mánaðar. Á meðan á útskipun stóð var skipulagt viðhald á búnaði verksmiðjunnar þar sem framleiðslan lá niðri á meðan. Sömuleiðis var tíminn nýttur í endurmenntun og þjálfun starfsmanna.

Starfsmenn fylgjast með hitastigi og þrýstingsfalli í hreinsivirki en sömuleiðis slær ofninn út sjálfkrafa ef frávik koma í

Þá þætti í hreinsivirkinu. Gögnin eru ekki vistuð en það gæti verið tækifæri til bættrar umhverfisstjórnunar. Allt efni sem fer í flæðigryfjur er skráð af verktökum á tiltekin eyðublöð og skilað inn mánaðarlega til Als.

Terra tekur við almennum úrgangi en einungis er boðið upp á söfnun á almennum úrgangi. Olíudreifing þjónustar olíutanka. Úrgangsolíutankur var tæmdur 22. júní 2020 og kvittun því til staðfestingar var send eftirlitsaðila í kjölfar eftirlits.

Unnið er í að koma upp betra afsogi á vinnslusvæðinu hjá þurrferlinu. Hattar eru í smíðum en búið að koma upp afsogslögnum. Einnig er unnið að því að koma á betra skipulagi og afmörkun svæða fyrir saltferil annars vegar og saltlausan feril hins vegar í vinnsluhúsinu.

Í skoðunarferðinni var byrjað á að kanna frágang og aðstæður á geymslu að Vogatungu. Staðfest var að öll saltkaka hefur verið fjarlægð af svæðinu og hreinsað við innganginn og taka niður hættumerkingarnar. Tímabundið leyfi fyrir geymslu saltköku að Vogatungu fellur þar með úr gildi.

Þá var farið í anddyri verksmiðjunnar þar sem að rekstraraaðili kynnti fyrirætlanir um betri aðskilnað og afsog innandyra. Einnig var gengið um verksmiðjulóðina. Árangur hefur náðst í betra skipulagi og frágangi á lóðinni. Gámar við vesturgöfl hússins eru margir hverjir orðnir lúnir en ekki voru ummerki um efnaleka frá þeim út í jarðveg.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

grein 3.1 í starfsleyfi

Skv. starfsleyfi skal mæla díoxín og fúran árlega í síuryki. Síðustu mælingar voru framkvæmdar 18. desember 2019.



## ÁBENDINGAR

Niðurstöður mælinga í útblæstri sem framkvæmdar voru í nóvember sl. liggja ekki fyrir.

Umhverfisstofnun barst kvörtun um ryk við flutning og útskipun saltköku þann 5. desember sl. Umhverfisstofnun hafði samband við rekstraraðila sem brást við ábendingunni.

## ANNAÐ

Fram kom að rekstraraðili vinnur að undirbúningi að innleiðingu ISO 14001 umhverfisstjórnunarkerfis.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.03.2021

  
Halla Einarsson

